

**Stefna Skýjaborgar í að mæta
sértækum þörfum barna**

Leikskólinn Skýjaborg

Janúar 2021

Leikskólastjóri hefur umsjón með málefnum allra barna innan leikskólans og sér um að samræma störf þeirra sem koma að málum einstakra barna er lúta að sérfræðipjónustu samkvæmt 21.gr.laga um leikskóla (90/2008). Sérfræðipjónusta tekur annars vegar til stuðnings við börn og foreldra þeirra og hins vegar til stuðnings við starfsemi skólans og starfsfólk.

Sérkennsla er þjónusta sem leikskólinn veitir börnum vegna hverskyns sérþarfa er þau kunna að hafa. Þessar sérþarfir geta verið vegna fötlunar, þroska-, hegðunar- eða tilfinningalegra frávika, sérstakra aðstæðna barnsins eða fjölbreyttingis. Þjónustan miðast við að efla, kenna, þjálfva og styrkja einstaklinginn til betri færni á sem fjölbreyttastan hátt til að efla lífsgæði þess og þátttöku, þroska, félagsfærni og vellíðan.

Leikskólastjóri ásamt sérkennara, í samvinnu við foreldra og stoðþjónustu, ber ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og endurmati sérstakrar aðstoðar og þjálfunar. Sérkennari sér um að einstaklingsnámskrá sé unnin fyrir hvert barn sem nýtur sérstakar aðstoðar/þjálfunar, henni framfylgt og endurmetin regulega. Deildarstjóri er ábyrgur fyrir þjálfun og sérstakri aðstoð sem fram fer á hans deild. Lögð er áhersla á samvinnu allra sérfræðinga, starfsfólks leikskólans sem og annarra fagaðila sem koma að barninu eftir því sem við á hverju sinni og ætíð er stefnt að heildstæðri þjónustu sem fari að mestu fram í leikskólaumhverfinu.

Ef leikskólastjóri eða sérkennari metur sem svo að barn þarfnist sérstakrar þjónustu vegna aðstæðna, hegðunar eða annars, tímabundið eða almennt, er leitast við að veita barninu slíka þjónustu innan leikskólans þó greining viðurkenndra greiningaraðila* liggi ekki fyrir. Ávallt er sérfræðipjónusta í samvinnu við foreldra.

Snemmtæk íhlutun

Skýjaborg leggur áherslu á snemmtæka íhlutun, en það eru aðgerðir sem gripið er til snemma í lífi barns. Með snemmtækri íhlutun er lögð áhersla á aðgerðir með markvissum hætti til þess að stuðla að þroskaframvindu barna. Snemmtæk íhlutun hefst um leið og grunur vaknar um frávik í þroska.

Leiðir leikskólans til að sinna sérþörfum barna

Skýjaborg leitast við að sinna þörfum allra barna á sem fjölbreyttastan hátt. Leikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennari leita fjölbreyttra leiða til að sinna sérstuðningi, s.s. með markvissri málörvun, að aðlaga aðstæður barnsins í leikskólanum, að vinna í misstórum hópum, með einstaklingsvinnu og útbúa aðstæður þar sem gróf-, fín- og félagsfærniþroski barna er örvaður. Aðstæður eru skapaðar til að börnin öðlist æskilega færni til að ná þeim markmiðum sem sett eru í samráði við foreldra. Innra skipulag leikskólastarfs/deilda er endurskoðað reglulega með það að markmiði að öllum líði vel og fái örvun við hæfi.

Viðmið við úthlutun til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu lífi t.a.m. vegna fjölfötlunar, þroskahömlunar, verulegrar tengslaskerðingar, alvarlegrar hreyfihömlunar, blindu, heyrnaleysis og alvarlega langveik börn. Úthlutun til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar getur verið allt að allur dvalartími barnsins í leikskólanum.

Börn sem þurfa á reglulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu lífi t.a.m. vegna þroskahömlunar, tengslaskerðingar, hreyfihömlunar (aðstoð við ferli), verulegrar sjónskerðingar, verulegrar heyrnaskerðingar, alvarlegrar málhömlunar og langveik börn sem þurfa verulega umönnun. Úthlutun til barna sem þurfa reglulega aðstoð og íhlutun fer eftir þörfum hvers og eins.

Hægt er að veita tímabundna úthlutun fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun allt vegna félagslegra erfiðleika á heimili, alvarlegra mál-, hegðunar- eða tilfinningalegra erfiðleika eða tví- eða fjöltýngis. Einnig fyrir langveik börn sem þurfa sérstaka tímabundna aðstoð og þjálfun.

Verkferlar um framkvæmd stefnu

1. Grunur um frávík eða sérþarfir kemur upp hjá starfsfólki eða foreldrum.
2. Starfsfólk eða foreldrar leita til leikskólastjóra.
3. Leikskólastjóri hefur samband við foreldra og vinnur í samvinnu við þá í framhaldi.
4. Leikskólastjóri og sérkennari senda beiðni/ir til viðeigandi sérfræðings/a, meta þörf á sérstuðningi og hvort þörf sé á auknum tímum inn í leikskólann.
5. Leikskólastjóri setur stuðningsþörf inn í reikningslíkan leikskólans, með rökstuðningi, sem tekið er til efnislegrar meðferðar í fræðslunefnd og í framhaldi lagt til samþykktar í sveitarstjórn að vori eða oftár eftir þörfum.
6. Áætlun um íhlutun gerð, tímasett og komið í framkvæmd.

***Viðurkenndir greiningaraðilar:**

Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, Heyrna- og talmeinaastöð Íslands, Barna- og unglíngageðdeild Landspítala, barnalæknar, sálfræðingar, talmeinafræðingar og aðrar starfstéttir (s.s. iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar, þroskaþjálfar og sérkennarar) sem nota viðurkennd, stöðluð próf.